Reykjavík, 27. nóvember 2014
R14010255
1210

Borgarráð

***Breytingatillögur Samfylkingarinnar (S), Bjartrar framtíðar (Æ), Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs (V) og Pírata (Þ) við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2015***

**SÆVÞ - 01 Félagsbústaðir hf.**
Lagt er til að fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar verði breytt í samræmi við leiðréttingu á frumvarpi að fjárhagsáætlun Félagsbústaða. Breytingarnar fela í sér að tekjur félagsins hækka um 48.816 þkr, útgjöld hækka um 2.086 þkr, fjármagnsliðir lækka um 269.024 þkr, liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi hækka um 267.202 þkr, breytingar á skammtímaliðum lækka um 94.803 þkr, fjárfestingahreyfingar dragast saman um 122.423 þkr og fjármögnunarhreyfingar lækka um 53.581 þkr. Gert er ráð fyrir að handbært fé Félagsbústaða í árslok verði óbreytt miðað við frumvarp.

**SÆVÞ - 02 Félagsbústaðir hf.**
Lagt er til að fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar verði breytt í samræmi við tillögu Félagsbústaða um byggingu 500 félagslegra íbúða.

Tillagan felur í sér að frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða breytist með eftirfarandi hætti: að tekjur félagsins lækka um 11.062 þkr, útgjöld lækka um 3.565 þkr, fjármagnsliðir lækka um 2.370 þkr, liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi lækka um 10.996 þkr, breytingar á skammtímaliðum hækka um 64.088 þkr, fjárfestingahreyfingar aukast um 1.670.244 þkr og fjármögnunarhreyfingar hækka um 1.627.020 þkr. Gert ráð fyrir að handbært fé Félagsbústaða verði óbreytt.

Tillagan felur í sér að frumvarp að fjárhagsáætlun Aðalsjóðs breytist með eftirfarandi hætti: að fjármagnstekjur lækka um 8.026 þkr, liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi hækka um 3.621 þkr og fjárfestingahreyfingar hækka um 38.817 þkr. Gert er ráð fyrir að handbært fé Aðalsjóðs í árslok hækki um 34.411 þkr miðað við frumvarp.

Tillagan felur í sér að frumvarp að fjárhagsáætlun Eignasjóðs breytist með eftirfarandi hætti: að fjármagnsgjöld lækka um 1.476 þkr, liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi lækka um 598 þkr og fjármögnunarhreyfingar lækka um 43.249 þkr. Gert er ráð fyrir að handbært fé Eignasjóðs í árslok lækki um 42.371 þkr miðað við frumvarp.

**SÆVÞ - 03 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.**
Lagt er til að fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar verði breytt í samræmi við breytingar á fjárhagsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. sem samþykktar voru af

stjórn þess þann 21. nóv. sl. Breytingin felur í sér að tekjur félagsins lækka um 125.501 þkr, útgjöld lækka um 20.007 þkr, fjármagnsgjöld lækka um 29.793 þkr, liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðsstreymi lækka um 292 þkr, breytingar á skammtímaliðum lækka um 38.305 þkr, fjárfestingahreyfingar lækka um 60.000 þkr og fjármögnunarhreyfingar lækka um 16.103 þkr. Gert er ráð fyrir að handbært fé Slökkviliðsins í árslok lækki um 19.102 þkr miðað við frumvarp.

**SÆVÞ - 04 Bílastæðasjóður**
Lagt er til að fjárhagsáætlun Bílastæðasjóðs verði breytt í samræmi við samþykkt bílastæðanefndar um breytingar á gjaldskrá sem hækkar tekjur sjóðsins um 15.960 þkr. Auk þess er er lagt til að útgjöld Bílastæðasjóðs hækki um 12.000 mkr vegna nýs samnings sjóðsins við Eignasjóð um leigu á bílastæðum í borginni. Gert er ráð fyrir að handbært fé Bílastæðasjóðs aukist um 3.960 þkr. vegna þessa.

**SÆVÞ - 05 Framlög til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins**
Lagt er til að framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á kostnaðarstað 11000 verði lækkuð um 42.147 þkr í samræmi við endurskoðaða fjárhagsáætlun Slökkviliðsins sem samþykkt var á fundi stjórnar þess þann 21. nóv. sl. Fjárhæðinni verði ráðstafað á liðinn ófyrirséð kostn. st. 09205.

**SÆVÞ - 06 SFS Bættur kostur í mötuneytum grunn- og leikskóla**
Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 56.000 þkr vegna hráefniskaupa í leikskólum og grunnskólum. Þar af verði 36.000 þkr varið til leikskólahluta en 20.000 þkr til grunnskólahluta. Að auki mun sviðið ráðstafa 10.000 þkr til viðbótar til hráefniskaupa og hagræða á móti í öðrum rekstrarkostnaði í yfirstjórn sviðsins. Til ráðstöfunar verður því samtals 30.000 þkr viðbótarfjárheimild til hráefniskaupa fyrir grunnskólahluta. Með þessum hætti verði áfram unnið að því að ná manneldissjónarmiðum Lýðheilsustöðvar og ráðleggingar embættis landlæknis um næringargildi máltíða. Unnið hefur verið skv. þjónustustaðli mötuneyta sem samþykktur var 2012. Verkefnið hófst í grunnskólum á árinu 2014 og stefnt er að því að verkefnið hefjist í leikskólum í upphafi árs 2015. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við sviðið.

**SÆVÞ - 07 SFS Fjöldi barna í borgarreknum grunnskólum**
Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði lækkaðar um 41.520 þkr vegna leiðréttinga á útreikningum vegna rammaúthlutunar. Fjöldi barna haustið 2014 er 13.612 og miðar úthlutun fjárheimilda við að jafn mörg börn verði á vorönn og haustönn 2015. Útgjaldalækkun verði ráðstafað á liðinn ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við sviðið.

**SÆVÞ - 08 SFS Fjöldi barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum**
Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 146.608 þkr vegna þess að fjöldi barna í sjálfstætt starfsandi grunnskólum er meiri en gert var ráð fyrir við úthlutun fjárheimilda auk þess sem kostnaður pr. nemanda hefur hækkað skv. útreikningum Hagstofunnar sem er til viðmiðunar um greiðslur til skólanna.

Fjöldi barna haustið 2014 er 693 börn, þar af 610 í 1.-10. bekk og 83 í 5 ára deild. Gert er ráð fyrir sama barnafjölda að vori og hausti árið 2015.

Kostnaður vegna barna í 1.-10. bekk er 1.136 þkr. pr. barn á ári sem er 75% af meðalkostnaði grunnskóla á landsvísu skv. Hagstofu Íslands sept. 2014. Kostnaður vegna 5 ára barna er áætlaður 899 þkr. pr. barn á ári. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við sviðið.

**SÆVÞ - 09 SFS Fjöldi barna í borgarreknum leikskólum**
Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 46.073 þkr vegna þess að fjöldi barna í borgarreknum leikskólum er meiri en gert var ráð fyrir við úthlutun fjárheimilda. Fjöldi barna haustið 2014 (pláss) er 6.073 börn eða fjölgun um 27 börn m.v. áætlaðan fjölda barna að meðaltali árið 2015. Gert er ráð fyrir sama barnafjölda að vori og hausti árið 2015. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við sviðið.

**SÆVÞ - 10 SFS Sértæk sérkennsla grunnskóla**
Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 35.195 þkr sem má rekja til kostnaðarauka sem byggir á fyrirliggjandi greiningum vegna sértækrar sérkennslu í grunnskólum. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við sviðið.

**SÆVÞ - 11 SFS Sértæk sérkennsla leikskóla**
Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs (SFS) verði hækkaðar um 12.215 þkr sem má rekja til kostnaðarauka sem byggir á fyrirliggjandi greiningum vegna sértækrar sérkennslu í leikskólum. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við sviðið.

**SÆVÞ – 12 USK Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins**
Lagt er til að ráðstafað verði 9.381 þkr í svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins skv. fjárhagsáætlun Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dags. 3. nóv. sl. Útgjöldin rúmast innan fjárheimilda Umhverfis- og skipulagssviðs (USK) og felur ekki í sér breytingu á frumvarpinu að fjárhagsáætlun.

**SÆVÞ - 13 ÍTR Frístund fatlaðra framhaldsskólanema**
Lagt er til að fjárheimildir Íþrótta- og tómstundasviðs (ÍTR) verði auknar um 42.530 þkr vegna frístundar fatlaðra framhaldsskólanema og gerir áætlun þá ráð fyrir að varið verið í heild 109,5 mkr í þjónustuna árið 2015. Kostnaðarauki skýrist af aukinni þörf en þessi áætlun miðar við fulla nýtingu og að tekið verði á móti öllum börnum í frístund fatlaðra árið 2015. Þjónustuúrræði fyrir frístund fatlaðra framhaldsskólanema er og hefur verið talsvert undirfjármagnað, en um er að ræða úrræði sem skal fjármagnað af ríkinu. Gert er ráð fyrir að við endurskoðun á fjármögnun málefna fatlaðs fólks verði þetta verkefni tekið inn í endurmatið. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við sviðið.

**SÆVÞ - 14 ÍTR Frístundakort**
Lagt er til að fjárheimildir Íþrótta- og tómstundasviðs (ÍTR) verði auknar um 20.000 þkr sem varið verði til hækkunar á fjárheimildum vegna frístundakortsins. Fjárhæðinni verður varið til sérstakra verkefna fyrir hóp barna og ungmenna sem njóta með takmörkuðum hætti niðurgreiðslna og kosta frístundakortsins. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á

kostnaðarstaði í samvinnu við sviðið.

**SÆVÞ - 15 ÍTR EM skáklandsliða**
Lagt er til að ráðstafað verði 10.000 þkr til Íþrótta- og tómstundasviðs (ÍTR) Evrópumóts skáklandsliða sem haldið verður í Laugardalshöll í Reykjavík árið 2015. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og heimildin vistuð þar. Fjármálastjóra er heimilt að flytja fjármagnið á viðeigandi kostnaðarstað á fyrri hluta ársins 2015 í samráði við sviðið.

**SÆVÞ - 16 ÍTR Smáþjóðaleikar**
Lagt er til að ráðstafað verði 20.000 þkr til Íþrótta- og tómstundasviðs (ÍTR) vegna Smáþjóðaleika sem fara fram í Laugardalnum árið 2015. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og heimildin vistuð þar. Fjármálastjóra er heimilt að flytja fjármagnið á viðeigandi kostnaðarstað á fyrri hluta ársins 2015 í samráði við sviðið.

**SÆVÞ - 17 MAR Aðgerðir gegn heimilisofbeldi**
Lagt er til að fjárheimildir Mannréttindaskrifstofu (MAR) verði auknar um 45.500 þkr vegna aðgerða gegn heimilisofbeldi sbr. samþykkt borgarráðs þann 13. nóv. sl. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205. Auk þess verði varið 1.500 þkr af fjárfestingalið nýrra upplýsingakerfa til endurbóta á málaskrá vegna verkefnisins. Fjármálastjóra er falið að útfæra breytingarnar á kostnaðarstaði í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu.

**SÆVÞ - 18 ÖNN Norræn höfuðborgarráðstefna**
Lagt er til að ráðstafað verði 10.000 þkr til Norrænnar höfuðborgarráðstefnu sem haldin verður í Reykjavík árið 2015. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og heimildin vistuð þar. Fjármálastjóra er heimilt að flytja fjármagnið á kostnaðarstað 09203 Alþjóðlegar ráðstefnur á fyrri hluta ársins 2015.

**SÆVÞ - 19 ÖNN 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna**
Lagt er til að ráðstafað verði 15.000 þkr til þess að standa straum af dagskrá Reykjavíkurborgar til heiðurs 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna á Íslandi sem var samþykkt á fundi borgarráðs 19. júní sl. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205 og heimildin vistuð þar. Fjármálastjóra er heimilt að flytja fjármagnið á viðeigandi kostnaðarstað á fyrri hluta ársins 2015 í samráði við skrifstofu borgarstjórnar.

**SÆVÞ - 20 ÖNN Endurskoðunarnefnd**
Lagt er til að fjárheimildir Endurskoðunarnefndar á kostnaðarstað 09212 verði auknar um 2.300 þkr vegna aukinna verkefna nefndarinnar skv. samþykkt borgarstjórnar. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205.

**SÆVÞ - 21 SEA Sala byggingaréttar**
Lagt er til að hækka fjárhagsáætlun Eignasjóðs vegna sölu byggingaréttar um 250.000 þkr og standi tekjuáætlun vegna hennar þá í 1.720.000 þkr á kostnaðarstað 4200 í Eignasjóði. Tekjuaukanum verði ráðstafað á liðinn ófyrirséð í Aðalsjóði á kostnaðarstað 09205 og nýttur til ýmissa verkefna. Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á tekjuafgangi A-hluta vegna þessa.

**SÆVÞ - 22 SEA Tilfærslur á innri leigu**

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur vegna innri leigu að Borgartúni 12-14:

| SVIÐ | Kostn.st. | Kostn.st. - heiti | Var (þkr.) | Verður (þkr.) | Breyting (þkr.) |
|---|---|---|---|---|---|
| ÍTR | I2000 | Skrifstofa ÍTR | 23.232 | 22.450 | -781 |
| MOF | 07400 | Höfuðborgarstofa | 407 | 1.873 | 1.466 |
| RHS | 01242 | Atvinnumáladeild | 6.083 | 0 | -6.083 |
| RHS | 01250 | Skrifstofa innkaupa og rekstrarmála | 126.638 | 122.449 | -4.189 |
| RHS | 01285 | Skrifstofa þjónustu og reksturs | 164.967 | 178.061 | 13.095 |
| SFS | D002 | Skrifstofa sviðsstjóra | 91.901 | 88.921 | -2.980 |
| USK | U1100 | Skrifstofa sviðsstjóra USK | 227.993 | 230.519 | 2.526 |
| VEL | F9010 | Skrifstofa barnaverndar | 41.040 | 49.303 | 8.262 |
| VEL | V1119 | Sameiginlegur kostnaður Höfðatorg | 51.007 | 39.691 | -11.316 |
| **Samtals** | | | **733.267** | **733.267** | **0** |

Tilfærslurnar hafa ekki áhrif á útkomu fjárhagsáætlunar.

## SÆVÞ - 23 SEA Tilfærslur innan fjárfestingaáætlunar

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi tilfærslur innan fjárfestingaáætlunar 2015:

| | | Fjárhæð (þkr) |
|---|---|---|
| Menningar- og ferðamálasvið (óbreytt) | Óbreytt | 280.000 |
| **Skóla- og frístundasvið** | **Var** | 1.859.000 |
| Norðlingaskóli, Árvað 5 | Lækkun um | -30.000 |
| Framlög til framhaldsskóla | Lækkun um | -55.000 |
| Vogaskóli, frístundarými | Hækkun um | 35.000 |
| Nýjar færanlegar kennslustofur | Hækkun um | 50.000 |
| | **Verður** | 1.859.000 |
| **Íþrótta- og tómstundasvið** | **Var** | 650.000 |
| Gervigrasvöllur Laugardal - endurbætur | Hækkun um | 20.000 |
| Árbæjarlaug - rennibraut | Hækkun um | 25.000 |
| Frjálsíþróttavöllur S-Mjódd | Hækkun um | 50.000 |
| | **Verður** | 745.000 |
| Velferðarsvið (óbreytt) | Óbreytt | 100.000 |
| Ýmsar fasteignir (óbreytt) | Óbreytt | 115.000 |
| **Fasteignir og stofnbúnaður** | | **3.099.000** |
| Samtals áhöld, tæki og hugbúnaður | Óbreytt | 1.130.000 |
| Samtals lóðir, lönd og skipulagseignir | Óbreytt | 120.000 |
| Samtals endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni | Óbreytt | 1.125.000 |
| **Aðrar fjárfestingar** | | **2.375.000** |
| Þjóðvegir, hluti Reykjavíkur og aðrar umferðargötur | Óbreytt | 800.000 |
| **Nýbyggingahverfi** | **Var** | 656.000 |
| Þétting byggðar | Hækkun um | 30.000 |
| | **Verður** | 686.000 |
| **Miðborgin** | **Var** | 175.000 |
| Smiðjustígur þmt stígur/torg | Hækkun um | 30.000 |
| Þórunnartún | Hækkun um | 70.000 |
| | **Verður** | 275.000 |
| **Umhverfis- og aðgengismál** | **Var** | 712.000 |
| Reiðstígar | Hækkun um | 15.000 |
| | **Verður** | 727.000 |
| Umferðaröryggismál | Óbreytt | 60.000 |
| Umhverfissvið - Ýmsar framkvæmdir | Óbreytt | 715.000 |
| **Gatna- og umhverfisframkvæmdir** | | **3.263.000** |
| **Eignasjóður fjárfestingar samtals** | | **8.737.000** |
| **Gatnagerðargjöld - tekjur** | **Var** | -1.800.000 |
| Viðbótar gatnagerðargjöld | Hækkun um | -240.000 |
| | **Verður** | -2.040.000 |
| **Eignasjóður - fjárfestingar eftir tekjur af gatnagerðargjöldum** | | **6.697.000** |

Tilfærslurnar hafa ekki áhrif á heildarfjárhæðir fjárfestingaáætlunar og handbært fé er óbreytt.

Dagur B. Eggertsson